

## Ölfusá bakkafull af ís



Undanfarna daga hefur myndast gríðarleg klakastífla í Ölfusá. Hún kom í kjölfar samfellds kuldakafla án leysinga. Í kjölfarið hækkaði yfirborð árinna verulega og fór hæst upp í 4,99 m. Með hlýjandi veðri hefur það þó minnkað töluvert. Ljósmynd: Dagskráin/BRV.

## Flokkur fólksins stærstur í Suðurlandshæð - „Þetta var bara klikkað“



Söguleg tíðindi urðu í Suðurlandshæð í Alþingiskosningunum er Flokkur fólksins stóð uppi sem stærsti flokkurinn þegar lokatölur voru birtar á sunnudag.

Flokkurinn fékk 20 prósent atkvæða í Suðurlandshæð og 121 atkvæði fleiri en Sjálfstæðisflokkurinn sem var með 19,6 prósent. Báðir flokkar fá tvo þingmenn en Flokkur fólksins bætir við sig einum á meðan sjálfstæðismenn tapa einum.

Ásthildur Lóa Þórsdóttir, oddviti Flokks fólksins, verður

fyrsti þingmaður Suðurlandshæðis en auk hennar náði Sigurður Helgi Pálmarsson inn.

„Þetta var bara klikkað,“ segir Ásthildur Lóa um niðurstöðurnar í samtali við Dagskrána. Flokkurinn var á tímabili efstur í skoðanakönnunum en Ásthildur segist samt ekki endilega hafa búist við þessu. „Sérstaklega af því mestalla nóttina var Sjálfstæðisflokkurinn efstur. Ég fór að sofa um fimm leytið og vakna svo klukkan sjö og sá að ekkert var búið að breytast þannig að ég fór aftur að sofa

en var svo vakinn af blaðamanni Vísis klukkan tíu og hann færði mér fréttirnar.“

Aðspurð að því hvort hún haldi að Flokkur fólksins fari í ríkisstjórn segir hún að erfitt sé að ganga framhjá flokknum. „Við höfum barist af öllu afli í stjórnarandstöðu og við viljum koma okkar málefnum á framfæri.“ Hún segir að ef til þess vilji fyrst og fremst að hæfasta fólkið sé valið í hvert ráðuneyti. EHI



Næstu útgáfur

Jólablað Dagskrárinnar  
12. desember 2024

Síðasta blað ársins  
19. desember 2024

Fyrsta blað á nýju ári  
9. janúar 2025

Minum á að fréttavefurinn  
DFS.is er opin yfir hátíðarnar.

## Fáðu fagmann í verkið

Framúrskarandi fyrirtæki 2024

**PÍPULAGNIR**  
SUÐURLANDS

Háheiði 10, Selfossi  
S. 699 1985 / 823 6656

## Rafverktakar · Verslun Öryggis-, myndavéla- og loftnetskerfi



Framúrskarandi fyrirtæki 2019

Ár­virkinn

Neyðarsími 660 1160

Eyra­vegi 32 · Selfossi · Sími 480 1160  
www.arvirkinn.is



## DAÐATAL BÚSÖGU 2025

með fallegum myndum af gömulum dráttarvélum og fræðandi texta. Verð 3.000 kr. Greiðslubeiðni birtist í heimabanka. Sendum hvert á land sem er og kostnaður aðeins burðar-gjald samkvæmt gjaldskrá Íslands-pósts.

busaga@simnet.is - s 8949330



## SKRIFSTOFURÝMI ÓSKAST TIL LEIGU Á SELFOSSI.

Óskað er eftir rúmgóðu skrifstofurými með góðu aðgengi þar sem samnýting á fundaraðstöðu og kaffiástöðu er kostur.

Upplýsingar sendist á FÉLAG STJÓRNENDA stjornandi@stjornandi.is

### FÉLAG STJÓRNENDA er sameinað félag úr:

Stjórnendafélagi Suðurlands  
Stjórnendafélagi Vesturlands  
Stjórnendafélagi Suðurnesja  
Jaðar félagi stjornenda á Akranesi

FÉLAG STJÓRNENDA verður með höfuðstöðvar á Selfossi.




## Söngdeildartónleikar

10. desember kl. 18:00 í Hveragerðiskirkju

Fram koma söngfluglar (barnakór), sönghópur eldri nemenda og einsöngvarar.

Aðgangur að tónleikunum er ókeypis  
Verið öll hjartanlega velkomin!



# Óvæntar niðurstöður kosninganna í Suðurlandskjördæmi

Söguleg tíðindi urðu í Suðurlandskjördæmi í Alþingiskosningunum er Flokkur fólksins stóð uppi sem stærsti flokkurinn þegar lokatölur voru birtar á sunnudag.

Flokkurinn fékk 20 prósent atkvæða í Suðurlandskjördæmi og 121 atkvæði fleiri en Sjálfstæðisflokkurinn sem var með 19,6 prósent. Báðir flokkar fá tvo þingmenn en Flokkur fólksins bætir við sig einum á meðan sjálfstæðismenn tapa einum.

Ásthildur Lóa Þórsdóttir, oddviti Flokks fólksins, verður fyrsti þingmaður Suðurlandskjördæmis en auk hennar náði Sigurður Helgi Pálmason inn.

Þingmenn Sjálfstæðisflokksins verða Guðrún Hafsteinsdóttir, starfandi dómsmálaráðherra, og Vilhjálmur Árnason, sitjandi þingmaður flokksins.

Þriðji stærsti flokkurinn í Suðurlandskjördæmi er Samfylkingin sem hlaut 17,3 prósent atkvæða og tvo þingmenn. Víðir Reynisson, sviðsstjóri almannavarna, og Ása Berglind Hjálmarsdóttir verða þingmenn flokksins, en flokkurinn bætir við sig einum þingmanni frá síðustu kosningum.

Miðflokkurinn hlaut 13,6 prósent atkvæða og einn kjördæmakjörinn þingmann, Karl Gauta Hjaltason, lögreglustjóra í Vestmannaeyjum.

Framsóknarflokkurinn hlaut tólf prósent atkvæða og tvo þingmenn. Halla Hrund Logadóttir, fyrrverandi orkumálastjóri, varð eini kjördæmakjörni þingmaður flokksins í Suðurlandskjördæmi. Sigurður Ingi Jóhannsson, formaður flokksins, vék úr odd-


vitasætinu fyrir henni og var úti þegar lokatölur bárust en náði inn sem jöfnunarþingmaður þegar lokaúrslit lágu fyrir.

Viðreisn hlaut 11,2 prósent og bætti við sig fimm prósentustigum frá síðustu kosningum. Hann bætir samt sem áður ekki við sig þingmanni. Guðbrandur Einarsson er eini sem náði inn. Hann hefur setið á þingi fyrir flokkinn frá 2021.

Aðrir flokkar náðu ekki inn manni. Vinstri græn tópuðu rúmum sex prósentustigum frá því í síðustu kosningum og hlutu 1,3 prósent atkvæða. Píratar voru einnig með 1,3 prósent atkvæða og tópuðu 4,3 prósentustigum frá því síðast. Báðir flokkar þurrkuðust út af þingi.



Ásthildur Lóa Þórsdóttir



Guðrún Hafsteinsdóttir



Víðir Reynisson



Karl Gauti Hjaltason



Halla Hrund Logadóttir



Guðbrandur Einarsson



Sigurður Helgi Pálmason



Vilhjálmur Árnason



Ása Berglind Hjálmarsdóttir



Sigurður Ingi Jóhannsson

# Úrvalsið rithöfunda í Bókakaffi á Selfossi

Úrvalsið rithöfunda mættir í Bókakaffi á Selfossi fimmtudagskvöldið 5. desember og les upp úr nýjum bókum. Þar má telja þau Þórunni Valdimarsdóttur sem segir frá rannsóknum á íslenski myndni og Óttar Guðmundsson sem segir frá þeim Sigurði Breiðfjörð og Jónasi Hallgrímssyni. Jóhanna Þórhallsdóttir kveður sýnishorn af

rímum Sigurðar.

Aðrir sem lesa eru Geir Sigurðsson með skáldsöguna Óljós, Emil B. Karlsson með bókina Sjávarföll, Bjarki Bjarnason sem les úr bókinni Gröf minninganna og Gróa Finnsdóttir með sögu sína Eyjar.

Öll velkomin í kakó, kerta-ljós, jólaskap og notalegheit á meðan húsrúm leyfir.







## LAND VIÐ TJARNARSTÍG, STOKKSEYRI

Sveitarfélagið Árborg leitar eftir kautilboðum í land við Tjarnarstíg, Stokkseyri. Landið er um 2,4 ha að stærð, svæðið er í framhaldi af byggðri götu og gert ráð fyrir að gatan verði framlengd.

Sveitarfélagið leitar að áhugasömum aðila til að festa kaup á umræddu landi, sjá um uppbyggingu innviða og sölu byggingalóða.

Í gildi er deiliskipulag og er gert ráð fyrir framlengingu Tjarnarstígs og 20 nýjum íbúðarlóðum. Á svæðinu er að öðru leyti gert ráð fyrir 4 parhúsum með samtals 8 íbúðum, 3 raðhúsallengjum með samtals 9 íbúðum og 3 einbýlishúsum – byggingarmagn að hámarki 3.879 m<sup>2</sup>.

Spennandi tækifæri til uppbyggingar á Stokkseyri á svæði sem er stutt frá leik- og grunnskóla, sundlaug og annarri þjónustu.



Tilboð í byggingarrétt á lóðinni ásamt umbeðnum fylgigögnum skal skila rafrænt í útboðskerfinu Ajour (tengill er á vef Árborgar) innan auglýsts skilafrest, sem er kl. 12:00 föstudaginn 10. janúar 2025. Opnun tilboða verður framkvæmd með rafrænum hætti á útboðsvefnum eftir að skilafrestur er liðinn. Í kjölfar opunar verður tilboðsgjöfum sent opunaryfirlit rafrænt.

Nánari upplýsingar er að finna á vef Árborgar, [www.arborg.is](http://www.arborg.is)



## Fossvélar og Landsvirkjun semja um framkvæmdir vegna Hvammsvirkjunar

Landsvirkjun og Fossvélar ehf. á Selfossi hafa samið um framkvæmdir vegna Hvammsvirkjunar. Fossvélar munu m.a. leggja veg að væntanlegu stöðvarhúsi og undirbúa plan undir vinnubúðir. Í þessum verkum felst upphaf eiginlegra virkjunarframkvæmda á svæðinu, en öll leyfi voru í höfn í lok október.

Alls bárust 6 tilboð í verkið og áttu Fossvélar lægsta tilboðið sem hljóðaði upp á 1,2 milljarða króna eða 74% af kostnaðaráætlun. Hæsta tilboð nam 105% af kostnaðaráætlun.

Í samningnum felst að Fossvélar leggja 3 km langan aðkomuveg inn á virkjunarsvæði



Frá undirritun samnings: Lejla Cardaklija, sérfræðingur á innkaupadeild Landsvirkjunar, Jón Ingileifsson, forstjóri Fossvéla, Kristín Linda Árnadóttir, aðstoðarforstjóri Landsvirkjunar og Ólöf Rós Káradóttir, yfirverkefnastjóri Hvammsvirkjunar.

Hvammsvirkjunar, þ.e. frá endurbættum Hvammsvegi sem lokið var við fyrr á árinu og að væntanlegu stöðvarhúsi. Efnið

til vegagerðarinnar verður sótt í frárennslisskurð virkjunarinnar. Þá munu Fossvélar einnig undirbúa vinnubúðaplan á jörð

Landsvirkjunar, Hvammi 3, en þegar framkvæmdir standa sem hæst árið 2027 munu um 400 manns starfa þar.

Loks felst svo í samningnum að hefja framkvæmdir við fiskistiga. Fiskistigi og seiðafleyta greiða för göngufisks milli Hagalóns og árfarvegjar neðan stíflu.

Fossvélar hefjast handa nú í desember, en áætluð verklok eru í nóvember á næsta ári.

Landsvirkjun gerir ríkar kröfur til samstarfsfyrirtækja um að draga úr kolefnisspori sínu og aðstoðar við það. Megintæki við ákvarðanatöku er innra kolefnisverð. Það þýðir að losun – eða öllu heldur framtíðarkostnaður

vegna losunar – er reiknuð inn í allar stærri fjárhagsákvæðanir, allt frá innkaupum á rekstrarvörum og yfir í val á nýjum virkjanakostum. Kolefniskostnaður vegna framkvæmda Fossvéla er áætlaður 60 milljónir kr.

„Við hjá Fossvélum höfum alltaf leyst öll okkar verkefni af hendi með virðingu fyrir náttúrunni efst í huga. Tækin okkar til efnisvinnslu ganga fyrir rafmagni og við fögnum því að geta nýtt þau í verk sem marka upphaf eiginlegra virkjanaframkvæmda,” segir Elísabet Ebba Guðbjörnsdóttir, framkvæmdastjóri framkvæmdasviðs Fossvéla.



## Suðurlandsdeildin í beinni á Eiðfaxa TV

Undirritaður hefur verið samningur milli Eiðfaxes og Suðurlandsdeildar um að Eiðfaxi TV sjái um beinar útsendingar frá mótardöðinni í vetur. Undirritaður var samningur til tveggja ára við forsvarsmenn Suðurlandsdeildarinnar en deildin var í beinni á Eiðfaxa á síðasta tímabili og gekk það samstarf frábærlega.

Í Suðurlandsdeildinni etja kappi saman áhugamenn og atvinnumenn en mótin fara fram í Rangárhöllinni.

Suðurlandsdeildin hefur göngu sína í vetur þann 4. mars þar sem keppt verður í paraformi og slaktaumatölti.



Mynd: Eiðfaxi

## Fyrstu skóflustungurnar teknar að einu stærsta vinnsluhúsi landsins

Fyrstu skóflustungurnar að nýju vinnsluhúsi landeldisfyrirtækisins First Water voru teknar á Laxabraut 19 í Þorlákshöfn 26. nóvember sl. Amelía Ósk Hjálmaradóttir stöðvarstjóri, Sigríður Birna Ingimundardóttir verkefnastjóri og Valgerður Friðriksdóttir mannauðs- stjóri munduðu skóflurnar fyrir

hönd fyrirtækisins, en á fjórðu skóflunni var Heiðrún Lind Marteinsdóttir framkvæmdastjóri SFS.

Stefnt er að því að vinnsluhúsið verði tekið í notkun haustið 2026 en heildargólfhlötur þess verður alls 30.500 fermetrar. Full starfsemi mun vera í húsinu alla daga ársins og verður allur

tækniþúnaður háþróaður og mjög vandaður.

Að sögn Valgerðar Friðriksdóttur mannauðsstjóra First Water verða um 115 manns við vinnslu í húsinu þegar starfsemi verður komin á fullt og er stefnt á að allur fiskur frá First Water fari þarna í gegn. Það skipti þau miklu máli að hafa sem mest af starfsemi í Þorlákshöfn og því sé þetta stórt skref fram á við. Hún segist hlakka mikið til að sjá húsið rísa og verða tekið í notkun.

Frá árinu 2029 er áætlað að 300 manns muni koma til með að starfa hjá fyrirtækinu. Heildarfrjárfesting First Water í Þorlákshöfn er um 120 milljarðar króna.

„Við stefnum hátt og komumst þangað með því að vanda til verka og hafa óbilandi trú á verkefningu og löngun til að vinna það vel. Landeldi á svo mikið inni og við ætlum að gera allt okkar til að sýna fram á það“, segir Valgerður.



## Aðventuganga og jólatré í Alviðru

Aðventan er tími þar sem hátíð ljóssins er undirbúin. Alviðra er vestan við brúna yfir Sogið við Þrastarlund. Þar er aðventunni fagnað með göngu út í vetrarríkið og svo með söng, jólasögu og piparkökum í hlýgunni í gamla bænum.

„Alviðra er friðland, náttúraskóli og útivistarparadís. Á Alviðrujörðinni eru víða sjálfs-

prottin tré sem geta orðið glæsileg jólatré. Við leitum þeirra í göngunni, fellum þau og þáttakendur taka þau svo með heim til sín.“ segir í tilkynningu frá Alviðru.

Mæting er við gamla Alviðrubæinn kl. 13:00 laugardaginn 7. desember.

Eftir göngu verður boðið upp á heitt að drekka, piparkökur,

jólasögu og söng í gamla bæjarhúsinu. Ef komist verður í stuð verður gengið í kringum jólatré!

„Tökum frá 7. desember (8. desember er til vara ef illviðri verður spáð á laugardeginum). Fylgist með á fésbókarsíðu Alviðru, fræðsluseturs Landverndar, hvort breyting verður á dagsetningu vegna veðurs. Verið velkomin í Alviðru!“



## Sunnlenski matgæðingurinn



### Jólasagna

Jón Einar Valdimarsson er matgæðingur vikunnar.



Komið þið sæl kærur lesendur.

Ég vil þakka elsku Gunnari Ásgeiri fyrir þessa áskorun, það kom mér reyndar skemmtilega lítið á óvart að hann skyldi velja mig, þar sem við erum mikið að skiptast á uppskriftum. Hins vegar kom það mér smá á óvart að hann skyldi velja kalkúnauppskrift. Eins og hjá Gunnari átti ég erfitt með að velja á milli rétta en að lokum fannst mér réttast að velja rétt sem hægt væri að nota við öll tilefni og ég valdi að segja ykkur frá lasagna-réttum sem ég hef verið að prófa síðustu tíu ár. Ég vona að við þennan lestur líði ykkur lesendum eins og þið séuð með mér í eldhúsinu að elda.

Ég legg mikla áherslu á að hráefnið sé vel valið og ég mæli sérstaklega með heimaslátruðu nauta- eða kindahakki í þennan rétt og helst ógerilsneyddri mjólk. Gott er að hafa hrásalat með þessu og mæli ég eingöngu með íslensku hrásalati, ef það er ekki íslenskt er betra að sleppa því og hafa bara hvítlauksbrauð.

Þegar ég byrja að elda reyni ég að koma mér í gott skap og set La Bamba á fóninn en syng í staðinn „La la la la lasagna“. Stilla ofn á 200 gráður, ekki stilla á blástur. Því næst skelli ég olíu og hakki á pönnuna og steiki með alls konar kryddum sem mér þykja góð, eins og steikarkryddi og hvítlauksdufti. Þegar ég hef steikt og kryddað þá sæki ég tómatauk og skelli út í, leyfi þessu að malla meðan ég geri uppstúf. Svo set ég smjör í pott og bræði hægt og rólega en á þessum tímipunkti má skella aftur La Bamba á fóninn. Þegar smjórið er bráðnað þá má

skella smá hveiti (eingöngu íslensku Kornax-hveiti) út í og búa til smjörkúlu. Næst helli ég ofurvarlega mjólk út í og þynni vel. Til þess að gera uppstúfinn fullkominn þá skelli ég múskafti eftir þörfum og ég set alltaf meiri múskaft þegar jólnálkast til að fá þennan alvöru jólakeim. Þegar uppstúfurinn er klár, þá geri ég það sem margir muna gapa yfir en ég blanda hakkinu við uppstúfinn. Sæki næst stórt eldfast mót og ausu og byrja að ausa hakki og uppstúf og botnfylli fatið og skelli svo lasagna-plötum yfir. Endurtek þetta þangað til hakkið klárast, skelli svo osti yfir allt og hendi inn í ofn í ca 25-27 mín.

Meðan ég er með lasagna í ofninum græja ég hrásalat. Það er nokkuð einfalt og ættu flestir að geta gert það en ég nota enga ávexti í það heldur bara íslenskt hvítkál, mæjónes og sýrðan rjóma. Fyrir lengra komna er gott að setja karrí en það gerir ekki bara betra bragð heldur kemur skemmtilegur litur á salatið. Þegar allt er klárt og lasagna tilbúið þá skelli ég La Bamba aftur á fóninn og hækka vel þannig að allir komist í sama stuð og ég. Njótið.

Mig grunar að þið lesendur séuð komin með vatn í munninn og hlakkið til að prófa.

Að lokum vil ég skora á yndislegan vin og kokk, hann Karl Ágúst Hannibalsson, að koma með góða uppskrift.

Matgæðingar eru beðnir að senda á [dfs@dfs.is](mailto:dfs@dfs.is) uppskrift ásamt mynd af sér eigi síðar en á sunnudegi.



Útgefandi: Prentmet Oddi, Eyraveggi 25, 800 Selfoss, sími 482 1944, [dfs@dfs.is](mailto:dfs@dfs.is), [dfs.is](http://dfs.is).

Ritstjóri: Elín Hrönn Jónsdóttir, sími 856 0673, [hronn@dfs.is](mailto:hronn@dfs.is).

Blaðamaður: Björgvin Rúnar Valentinsson, sími 482 1944, [dfs@dfs.is](mailto:dfs@dfs.is).

Auglýsingaheild: Sími 482 1944, [auglysingar@dfs.is](mailto:auglysingar@dfs.is).

Dagskráin kemur út á hverjum fimmtudegi. Upplag 5.000 eintök. Allt efni og auglýsingar berist fyrir hádegi á þriðjudögum.

Dreifing er ávallt í allar sýslur austan Hellisheiðar. Dagskráin er aðili að samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða.

ISSN 1670-407X



## Gáta vikunnar

Visnagátur-höf: Páll Jónsson  
Útg. Bókautgáfan HÓLAR

Óbundinn er asinninn sá, ekki fastur boltinn lá, daman kvik á kostum er, og kannski skráfan er í mér?

Svar við gátu í blaði 2780: **BOÐ**

1. Tilboð - 2. Matarboð

4. Boð um að skrásetja alla heimbyggðina



DAGAR  
TIL JÓLA

19





HÚSASMÍÐJAN

blómaval

# AÐVENTU HÁTÍÐ

*Selfoss*



*Adventuhátíð*

**OPIÐ  
SUNNUDAG  
KL. 12-16**



# 25%

## Allar seríur og jólasakraut

Jólaseríur • Skreytingarefni • Jólasyttur • Jólaservíttur • Jólaskraut • Kerti • Jólaljós Jólappapír • Gervijólatré

Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Úrval getur verið misjafnt milli verslana. Afsláttur gildir ekki af tilbúðsvörum og „Lægsta léga verði Húsasmíðjunnar“.

# Jólatré

Sérvalin Nordmannspinur í úrvalsflokki, stafafura og rauðgreni



*Sértilboð  
um helgina*

**Nordmannspinur**  
standard flokkur  
150-240 cm

Allar stærðir eitt verð

**4.990** kr

~~6.990~~ kr (Merkt með rándóttum miða)



# Stórfenglegir tónleikar Sinfóníuhljómsveitar Suðurlands og Menntaskólans að Laugarvatni

Sinfóníuhljómsveit Suðurlands hélt jólatónleika sína í Skálholti föstudaginn 29. nóvember og laugardaginn 30. nóvember ásamt kór Menntaskólans að Laugarvatni. Af aðdáun fylgdumst við með þessu öflugum fólki sem steig á stökk, bæði hljóðfæraleikurum og kór-söngvurum, en ekki síst stjórn-

endum beggja hópa. Það gæstar af öflugum fólki sem skapar menningarverðmætin sem eru kórar og sinfóníuhljómsveitir. Það getur ekki verið annað en hugsjón og ástríða sem býr að baki þeirri miklu vinnu sem þarna hefur verið lögð fram. Til hamingju bæði, Guðmundur Óli og Eyrún!

Að einsöngvurum tónleikanna ólöstuðum, þau voru sannarlega af bestu gerð þau Dísella Lárusdóttir og Eyjólfur Eyjólfsson, þá voru bæði sinfóníuhljómsveitin og kórinn algerlega stórfengleg. Það er erfitt að koma orðum að því hvernig tilfinning það er að sitja í kirkjunni sem áheyrandi. Tónar frá heilli sinfóníuhljómsveit fylla kirkjuna og svo bætast við þessar rúmlega eitt hundrað kraftmiklu raddir. Í fleiri en einu lagi átti ég erfitt með að ná andanum, svo mikilfengleg var upplifunin, hrifningin og aðdáunin. Það hefði jafnvel þurft að gera lengra hlé á milli laga svo áhorfendur í sal fengju þá tækifæri til að jafna sig en jafnvel hörðustu naglar þurrkuðu tár af hvarmi svo lítið bar á.

Að hugsa sér. Allir þessir

hljóðfæraleikarar, söngvarar, listafólk, hæfileikar; allt er þetta fengið hér úr okkar eigin garði. Það blómstrar sannarlega það sem við veitum athygli og alúð eins og við sjáum raungerast bæði í ML og sprotaverkefnum eins og Sinfó Suðurlands. Stuðningur okkar allra við tónlistarstarf og menningarviðburði skiptir sköpum og hlutverk okkar sem öllum upp ungiði er að styðja þau til að virkja og efla hæfileika sína.

Ég vil hér með koma á framfæri innilegum þökkum Menntaskólans að Laugarvatni til Sinfóníuhljómsveitar Suðurlands fyrir samstarfið en það hefur verið alveg einstakt að fá að fylgjast með þessu verkefni undanfarið hálf ár. Sérstakar þakkir sendi ég Margréti Blöndal, framkvæmdarstjóra Sinfón-

íuhljómsveitarinnar og Margréti Elínu Ólafsdóttur, verkefnastjóra kórsins, sem skipulögðu og framkvæmdu af mikilli fagmennsku allt sem þarf til að viðburður af þessum toga geti orðið að veruleika. Límið í utanumhaldi um rúmlega 100 manna kór voru án efa þau Pálmi Hilmarsson og Erla Þorsteinsdóttir, starfsfólk ML, og dyggur bak-hjarl tónleikanna og kórsins er FOMEL, foreldrafélag Menntaskólans að Laugarvatni og sendi ég þeim öllum mínar innilegustu þakkir.

Með kærri adventukveðju til Sunnlendinga,  
Jóna Katrín Hilmarsdóttir,  
skólameistari Menntaskólans  
að Laugarvatni.

## JÓLALEG KAKÓKVÖLD

Jólabókaupplestur í Bókakaffinu fimmtudagskvöldið  
5. des. kl. 20. Allir velkomnir meðan húsrúm leyfir.  
Höfundarnir sem mæta eru:

Geir Sigurðsson  
Bjarki Bjarnason  
Þórunn Valdimarsdóttir  
Gróa Finnsdóttir  
Emil B. Karlsson  
Óttar Guðmundsson

Kakó og kertaljós, smákökur  
og notaleg jólastemning

**Bókakaffið**



Kórfélagar næra sig á milli tónleika.



Nemendur í kórstjórn sjá um miðasölu á tónleikum.



Linda Blöndal, Margrét Blöndal, Margrét Elín Ólafsdóttir, verkefnastjúrur

## Hjúkrunar- og dvalarheimilið Sólvellir á Eyrarbakka

### -Hjúkrunarfræðingur-

Hjúkrunarfræðingur óskast á hjúkrunar- og dvalarheimilið Sólvellir á Eyrarbakka.

Um er að ræða 65% stöðugildi hjúkrunarfræðings.

Starfið er laust frá og með 01. janúar.

#### Starfs og ábyrgðarsvið:

- Skipuleggja og bera ábyrgð á hjúkrunarþjónustu við íbúa.

#### Hæfniskröfur:

- Íslenskt hjúkrunarleyfi.
- Góð hæfni í mannlegum samskiptum.
- Góð skipulagsfærni, sjálfstæði og frumkvæði.
- Mjög góð málleg og skrifleg íslenskukunnátta skilyrði.

Umsóknarfrestur er til 23. desember.

Sólvellir er einkarekið hjúkrunar- og dvalarheimili á Eyrarbakka sem hefur verið starfrækt frá 1987. Á heimilinu búa 20 íbúar sem njóta þjónustu í heimilislegu umhverfi.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga og sambands íslenskra sveitarfélaga. Umsóknir óskast sendar á gudjon@arvirkinn.is eða á oseyrri@oseyri.is. Allar nánari upplýsingar veita Guðjón Guðmundsson í síma 6601180 og Íris Böðvarsdóttir í síma 8461700.

Eyrarbakki er um 590 manna þéttbýliskjarni í sveitarfélaginu Árborg. Samfélagið er fjölskylduvænt, samheldið og góður staður að búa á. Mikil náttúrufegurð er allt um í kring og frábærar göngu og hlaupaleiðir. Í sveitarfélaginu er öll almenn þjónusta, góða aðstaða til almennrar íþróttaiðkunar og samgöngur allt árið um kring. Sjá má nánari upplýsingar á arborg.is og á eyrarbakki.is.

## Jólastund karlakórsins í Skálholti

Karlagór Selfoss heldur sína Kárlægu jólatónleika í Skálholtsdómkirkju mánudaginn 9. desember.

Jólatónleikar Karlakórs Selfoss eru ómissandi viðburður í jólaundirbúningi margra Sunnlendinga, efnisskráin er fjöl-

breytt og má þar finna ýmis-konar léttmeti ásamt hátíðlegum söng, eitthvað sem kemur öllum í jólaskapið.

Stjórnandi Karlakórs Selfoss er Skarphéðinn Þór Hjartarson og hefur hann útsett mörg þeirra laga sem á efnisskránni

eru. Píanóleikari kórsins er Jón Bjarnason.

Tónleikarnir hefjast klukkan 20. Aðgangur er ókeypis en tek-ið er á móti frjálsum framlögum sem renna óskipt í Sjódóinn góða. Posi verður á staðnum.





# Samstöðukaffi í Vallaskóla Upplestur á Brimrót

Fimmtudaginn 28. nóvember síðastliðinn, áður en verkfalli kennara var frestað, bauð starfsmannafélag Vallaskóla kennurum úr Fjölbrotaskóla Suðurlands til samstöðukaffi-

samsætis á kaffistofu starfsmanna í Vallaskóla. Fjölmennt var á kaffistofunni þar sem fólk gæddi sér á kaffi og jólasnákökum og ræddi stöðuna. Guðmundur Björgvin, formaður

starfsmannafélags F.Su., hélt stutta tölu þar sem hann þakkaði starfmönnum Vallaskóla auðsýndan stuðning á erfiðum tímum.



Laugardaginn 7. desember kl. 14 verður upplestur á vegum Bókabæjanna austanfjalls á Brimrót. Þetta er fyrri upplestur af tveim en sá seinni verður laugardaginn 14. desember.

Fjórir frábærir höfundar koma og lesa upp úr bókum sínum á þessum fyrri upplestri. Það eru þau Guðmundur Andri Thorsson, Sunna Dís Másdóttir, Emil B. Karlsson og Sigrún Erla Hákonardóttir.

Guðmundur Andri hefur setið á þingi auk þess að hafa skrifað fjölda bóka en bókin Synir himnasmiðs er fyrsta bókin hans í tíu ár. Bókin er heillandi skáldsaga um tólf karlmenn og regnvotan maðdag í lífi þeirra. Atvik dagsins og lífssögur þeirra vindast og bindast saman svo úr verður litríkur vefur umleikinn tónlist og trega.

Sunna Dís Másdóttir hefur getið sér afar gott orð sem bókmenntarynir í Kiljunni m.a.

en hún er líka hluti af hinum kyngimagnaða Svíkaskáld hóp. Kul er fyrsta skáldsaga Sunnu og gerist að stærstum hluta á nýstofnuðu meðferðaúrræði vestur á fjörðum þar sem ástundaðar eru óhefðbundnar lækningameðferðir.

Emil B. Karlsson er löggiltur skjalaþýðandi og viðskiptafræðingur og sendir frá sér bókina Sjávarföll - ættarsaga sem er fjölskyldusaga fimm ætliða þar sem arfgeng heilablæðing hefur fellt marga einstaklinga. Sagan fer mest megnis fram á hrjóstrugum eyjum Breiðafjarðar.

Sigrún Erla Hákonardóttir hefur kvatt sér hljóðs með þessari nýju ljóðabók sem heitir einmitt Hljóð. Ljóðin eru margslungin og fjölbreytt, bæði hefðbundin og óhefðbundin, löng og stutt, víðfeðm og stuttar sendingar eins og styttri lög.

Upplesturinn hefst eins og áður segir kl. 14 og er á Brimrót, Hafnargötu 1, Stokkseyri.



Emil B. Karlsson



Guðmundur Andri Thorsson



Sigrún Erla Hákonardóttir



Sunna Dís Másdóttir



## Taktu til hendinni hjá RARIK

RARIK óskar eftir verktaka til að sjá um þrif á starfsstöð fyrirtækisins við Dufpaksbraut 12 á Hvolsvelli

Um er að ræða ræstingu tvisvar í viku. Húsnæðið er 370 fermetrar og er að stærstum hluta skrifstofur, fundaaðstaða, eldhús, snyrtingar og búningsaðstaða. Á starfsstöðinni vinna 13 manns, bæði á skrifstofu og hjá framkvæmdaflokkum.

Ósk um nánari upplýsingar og tilboð má senda á Guðrúnu Óttarsdóttur, skrifstofustjóra RARIK á Suðurlandi, í síma 528 9000 eða með tölvupósti á [gdott@rarik.is](mailto:gdott@rarik.is).



## Kennaraverkfalli frestað

Verkfalli kennara hefur verið frestað um tvo mánuði. Innanhússtíllaga Ríkissáttasemjara þess efnis var samþykkt á samningafundi 29. nóvember síðastliðinn.

Ástráður Haraldsson ríkissáttasemjari segir að ekki sé búið að skrifa undir samninga eða semja þá. Þess í stað sé búið að ramma inn hvernig vinna á að samningum næstu tvo mánuði. Á meðan ríkir svokölluð friðarskylda. Í kjölfar þeirrar vinnu verði samningurinn kynntur efnislega. Ef ekki verður búið að semja á næstu tveimur mánuðum munu verkföll hefjast aftur 1. febrúar.

Kennsla er því hafin að nýju í þeim skólum sem voru í verkfalli. Verkfalli kennara í Fjölbrautaskóla Suðurlands var búið að standa yfir frá 29. október og voru leikskólakennarar á Óskalandi í Hveragerði búnir að samþykkja verkfall frá 10. desember.

Í kjölfar verkfallsins var ákveðið að fresta brautskráningu Fjölbrautaskólans á Suðurlandi fram yfir áramót. Í samtali við Soffiu Sveinsdóttur skólameistara skólans verður ekki breyting þar á þar sem tíminn er of skammur.



## Brautskráningu í Fjölbrautaskóla Suðurlands frestað

Brautskráningu nýstúdentna í Fjölbrautaskóla Suðurlands sem fyrirhuguð var í desember hefur verið frestað fram yfir áramót vegna kennaraverkfallsins.

Soffía Sveinsdóttir, skólameistari, sendi nemendum skólans og forráðamönnum þeirra tölvupóst um erindið í gær.

Ekki er komin tímasetning á brautskráninguna eða búið að

ákveða hvernig lokum haustannarinnar verði háttáð. Soffía segist vera búin að teikna upp nokkrar tillögur að annarlökum en hún tekur ekki ákvörðun nema í samráði við aðra stjórnendur skólans og fleiri sem eru í verkfalli þegar verkfalli lýkur.

Verkfallið á að standa til 20. desember nema samið verði fyrir þann tíma.



## Beta syngur inn jólin

Elísabet Björgvinsdóttir, eða Beta eins og hún er oftast kölluð, ætlar að syngja inn jólin fimmtudaginn 5. desember næstkomandi klukkan 19:00. Tónleikarnir verða haldnir í Gömlu kartöflugeymslunni á Eyrarbakka. Hákon Kári og Ívar Dagur sjá um undirleik.

Miðasala fer fram við hurð eða með því að senda tölvupóst á info@au44.is, eða sms í síma 863-5518.

Öll velkomin í notalega jólastemningu.



## United Silicon í Reykjanesbæ – víti til varnaðar fyrir Ölfus!

Hugmyndir þýska iðnaðarverksmiðjunnar Heidelberg um að byggja mölunarverksmiðju í Þorlákshöfn kalla óneitanlega fram ákveðin hugrenningartengsl við annað stórt iðnaðarverkefni í nágrennasveitarfélagi sem fór út um þúfur með miklum fjárhagslegum og samfélagslegum tilkostnaði. Verkefnið sem um ræðir er kísilverksmiðja United Silicon í Helguvík í Reykjanesbæ.

### Spyrjum spurninga

Heidelberg-verkefnið krefst þess að við spyrjum þeirra spurninga sem gleymdist að spyrja í tilviki United Silicon. Spurningar um umhverfisáhrif fyrir nærsamfélagið, samfélagsleg áhrif af slíkrri uppbyggingu og hvernig slíkar stórskalahugmyndir samræmast framtíðarsýn um sjálfbæra atvinnuuppbyggingu í Ölfusi.

Meirihlutinn í bæjarstjórn Ölfuss hefur gefið sig út fyrir að vera afstöðulaus í málinu, nokkuð sem skýtur skökku við þegar horft er til aðdraganda málsins og málflutnings þeirra sem bera pólitíska ábyrgð í sveitarfélaginu.

### Reynslan af United Silicon í Helguvík

Það voru miklar vonir bundnar við uppbyggingu kísilverksmiðju United Silicon í Helguvík á sínum tíma. Mikilvægt er að hafa í huga að þegar þær hugmyndir voru að kvikna var mikið samdráttarskeið á Suðurnesjum og atvinnuleysi búið að vera viðvarandi á svæðinu. Tíðarandinn og atvinnuástandið var því allt annað en við í Ölfusi búum við í dag.

United Silicon hóf þannig starfsemi með miklum loforðum um efnahagslega uppbyggingu. Aðdragandinn og orðræða fyrirtækisins auk þeirra sem studdu verkefnið var alls ekki ósvipuð því sem við sjáum nú í tilviki mölunarverksmiðju Heidelberg. Lofað var vel launuðum störfum, að mengun yrði innan marka og að verksmiðjan myndi hafa jákvæð áhrif á rekstur bæjarfélagsins. Allt saman kunnuleg stef.

En verkefnið þróaðist í að verða hreinn skaðvaldur fyrir nærsamfélagið. Alvarlegir tæknilegir gallar, fjárhagsörðugleikar og loftmengun gerðu reksturinn óviðunandi og sköpuðu ólíðandi aðstæður fyrir íbúa á svæðinu. United Silicon varð að lokum gjaldþrota og stærsti lánadrottinn félagsins sat uppi með verðlausa eign og íbúar með risastór mannvirki í tünfætinum sem engin þrýði er af.

Það kom líka á daginn að Suðurnesjamenn höfðu ekki áhuga á að vinna í þessari verksmiðju. Þegar viðsnúningur

varð á atvinnuástandi á svæðinu til hins betra þurfti að flytja inn erlent vinnuafli í stórum stíl með tilheyrandi þrýstingi á húsnaðismarkað á svæðinu. Það sama mun væntanlega gerast hér í Ölfusi. Hér er næga vinnu að fá og mikil uppbygging framundan í fjölbreyttum atvinnugreinum.

Þessi reynsla nágrennasveitarfélagsins er þörf áminning um mikilvægi þess að tryggja gagnsæi, skýra og rétta upplýsingagjöf og samfélagslega sátt áður en farið er af stað með svo risavaxin verkefni.

### Umhverfisáhrif mölunarverksmiðju Heidelberg

Íbúar í Reykjanesbæ þurftu að takast á við mengun og ólykt sem barst frá kísilverksmiðjunni og var fólki með öndunarferasjúkdóma ráðlagt að halda sig innandyr þegar mengunin var sem mest, foreldrum var ráðlagt að láta ungabörn ekki sofa utan dyra og börnum á leikskólum var haldið innandyr.

Vissulega hafa forráðamenn Heidelberg staðhæft að starfsemi mölunarverksmiðjunnar verði í „lokuðu kerfi“ og þannig verði rykmengun gagnvart íbúum Þorlákshafnar lágmarkuð. En umferð 110 vörubíla á degi hverjum um svæðið, grjótmölun allan sólarhringinn og sú staðreynd að staðsetning fyrirhugaðrar verksmiðju er einungis 2,5 km frá nýju íbúðahverfi og leikskóla, vekur óneitanlega upp spurningar og skrefin hræða.

Sjónmengun og ásyndarbreytingar

Í umsögn Skipulagsstofnunar um fyrirhugaðar framkvæmdir kemur fram að mölunarverksmiðju Heidelberg fylgi „gríðarmiklar ásyndarbreytingar“ fyrir svæðið. Gert er ráð fyrir allt að 18 sílóm sem verða hvert um sig allt að 52 metrar að hæð. Til samanburðar má nefna að turn Hallgrímskirkju er 75 metra hár. Í sömu umsögn kemur fram að „framkvæmdin muni hafa bein, varanleg áhrif á ásynd í allt að 20 km fjarlægð frá verksmiðjunni“.

Náttúrufræðistofnun Íslands bendir á að framkvæmdin muni hafa mikil áhrif á bæjarbrag Þorlákshafnar og að um sé að ræða stóra verksmiðju við bæjarhöfnina sem verði í gangi allan sólarhringinn með tilheyrandi hávaða og umferð.

Í Þorlákshöfn og nágrenni, sem statar af einstaklega fallegu og tiltölulega ósnortnu landslagi, gæti slíkt mannvirki orðið mjög áberandi og dregið úr aðdráttarafla staðarins fyrir ferðamenn og íbúa.

Risavaxin síló, stór verksmiðjuhús og ljósmengun frá iðnaðarsvæðinu yrðu áberandi í geryreyttu útsýni.



### Framtíðarsýn og skortur á samfélagsátt

Fyrirhuguð mölunarverksmiðja hefur vakið hörð viðbrögð meðal íbúa í Þorlákshöfn. Íbúar hafa lýst yfir áhyggjum af áhrifum á lífsgæði, loftgæði og hljóðvist. Þá hafa forsvarsmenn landeldisfyrirtækisins First Water gert alvarlegar athugasemdir við staðsetningu mölunarverksmiðju svo skammt frá viðkvæmri starfsemi félagsins. Þorlákshöfn hefur sterka stöðu til að verða miðstöð landeldis á Íslandi. Landeldisfyrirtæki á svæðinu eru leiðandi í vistvænni matvælaframleiðslu og uppbygging iðnaðar sem gæti haft neikvæð áhrif á þessa starfsemi stangast á við langtíma atvinnustefnu svæðisins.

Hafrannsóknarstofnun hefur einnig lýst yfir miklum efasemdum um umfangsmikla efnistöku sem fyrirhuguð er af hálfu Heidelberg undan strönd Landeyja- og Eyjafjallasands þar sem um er að ræða viðkvæm uppeldis- og hrygningarsvæði mikilvægra fiskistofna. Afleiðingar slíkrar efnistöku séu mjög óljósar og því óréttlætlegar.

### Drögum lærdóm af reynslunni

Okkur ber að draga lærdóm af reynslunni og kjörnir fulltrúar geta ekki vikið sér undan pólitískri ábyrgð þegar svo risavaxið verkefni er annars vegar. Aðdragandi, uppbygging og starfsemi United Silicon í Reykjanesbæ á að vera okkur víti til varnaðar.

Að styðja sjálfbæra atvinnustarfsemi sem eflir lífsgæði og verndar náttúruna er skynsamlegur heldur en að taka áhættu með framkvæmd sem gæti haft varanleg neikvæð áhrif á lífsgæði íbúa í Ölfusi.

Með því að kjósa gegn mölunarverksmiðju Heidelberg geta íbúar Ölfuss varið náttúruna, samfélagið og staðið vörð um framtíðarsýn sem byggir á sjálfbærri atvinnustefnu og tryggir að Ölfus verði áfram lögheimili hamingjunnar á Íslandi.

Berglind Friðriksdóttir, varamaður H-lista í bæjarstjórn Ölfuss.



# Til þjónustu reiðubúin

Nú að loknum kosningum eru nokkur efst í huga þau fjölmörgu samtöl sem við áttum við íbúa kjördæmisins síðustu vikur. Við viljum þakka ykkur öllum af auðmýkt fyrir móttökurnar, fyrir samtölin og stuðninginn sem við fundum svo greinilega fyrir.

Niðurstöður kosninganna sýna að þjóðin kallar eftir breytingum. Það er líka ljóst að plan Samfylkingarinnar hefur náð til landsmanna og íbúar á Íslandi

treysta Samfylkingunni til þess að leiða áfram þær mikilvægu breytingar sem þurfa að eiga sér stað. Samfylkingin er stærsti stjórnmálaflokkur landsins og við tökum þeirri ábyrgð alvarlega.

Síðustu tvö ár hefur Samfylkingin lagt mikla áherslu á að eiga samtali við þjóðina. Við ætlum að byggja á þeirri vinnu og halda áfram að ferðast um kjördæmið og eiga í virku samtali við ykkur öll, því við erum í

þjónustustarfi fyrir ykkur. Samfylkingin vinnur með almanna-hagsmunum að leiðarljósi, ekki sérhagsmunum.

Nú hefur formaður okkar, Kristrún Frostadóttir, fengið umboð til þess að leiða stjórnarmyndunarviðræður og hún hefur fullt og óskorað traust frá flokknum til þess. Kristrún hefur sýnt það og sannað að hún er einstakur leiðtogi og það væri mikið heillaspor fyrir þjóðina ef henni bæri gæfa til þess

að móta nýja ríkisstjórn um þau mikilvægu verkefni sem Samfylkingin leggur áherslu á; að ná tökum á efnahagsmálum og lækka kostnað heimila, gera nauðsynlegar breytingar á heilbrigðiskerfinu og þjóðaráttak í ummönnun eldra fólks og efla samgöngur og atvinnulíf.

Það er okkur sannur heiður að vera treyst fyrir því að vera talsmenn ykkar í Suðurlandinu af heilindum, dugnaði og með hagsmunum ykkar allra að leiðarljósi. Við erum til þjónustu reiðubúin.

Viðir Reynisson,  
3. þingmaður Suðurlanddæmis  
Ása Berglind Hjálmaradóttir,  
9. þingmaður Suðurlanddæmis  
Sverrir Bergmann,  
varaþingmaður  
Arna Ír Gunnarsadóttir,  
varaþingmaður

## Hr. Eydís gefur út myndband við nýja jólalagið sitt

Nýlega gáfu hljómsveitin Hr. Eydís og Erna Hrönn út jólaglag sem ber nafnið „Þegar eru að koma jól“. Bæði lag og texti er eftir Örlyg Smára, söngvara og gítarleikara Hr. Eydís. Nú er komið út myndband á YouTube við jólagagið.

„Við fórum nú bara inn í okkar hljóðstúdíó og tókum upp myndbandið þar. Erna Hrönn kom með jólaþeygur og jólahúfur á okkur strákana og vélararnar voru settar í gang. Ekkert flókið og ekkert dýrt...Íslenskur heimilisíðnaður myndi einhver hafa sagt á níunda áratugnum,“ segja hljómsveitarmeðlimir glöð og ánægð með nýja myndbandið.



Hr. Eydís og Erna Hrönn hafa starfað saman í rúmt ár og haldið merkjum '80s á lofti með

ábreiðum sínum (cover) bæði á YouTube og tónleikunum „Alvöru '80s party“.

## Sendibílar á Suðurlandi

Tek að mér alla almenna flutningsþjónstu  
Heimsendingar - Vörudreifing - Búslóðaflutningar - Ruslaferðir  
Traust og fagleg þjónusta með yfir 20 ára reynslu.

Tómas 820 3880 - [keysra@keysra.is](mailto:keysra@keysra.is) - [www.keysra.is](http://www.keysra.is) - [f /keysra.is](https://www.facebook.com/keysra.is)



Barbora Fialová ásamt Ásgerði Magnúsdóttur, formanni umhverfisnefndar, og Kamil Lewandowski, fulltrúa í umhverfisnefnd.

## Barbora Fialová hlaut umhverfisverðlaun Bláskógabyggðar 2024

Barbora Fialová hlaut umhverfisverðlaun Bláskógabyggðar árið 2024. Verðlaunin fær Barbora fyrir störf sín í þágu sveitarfélagsins. Barbora hefur unnið mikið og flott starf innan veggja Bláskógaskóla á Laugarvatni. Þar hefur hún unnið ótullega að umhverfismálum, m.a. í gegnum kennslu í útinámi, þar sem nemendur eru í miklum tengslum við náttúruna og umhverfi sitt. Útinámið tengir Barbora einnig við svokallaða dyggðakennslu sem hún innleiddi í skólakerfið á Laugarvatni. Hún hlýtur einnig þessi verðlaun fyrir störf sín fyrir Planet Laugarvatn en hún hefur t.d. staðið fyrir sorptínglu-

degi á Laugarvatni og eftir fólk til útivistar með alls konar viðburðum, líkt og ratleikjum o.fl.



## Jólaveisla í Húsinu á Eyrarbakka

Sunnudaginn 8. desember verður jólalegt á Byggðasafni Árnesinga. Lírukassatónar, barnabókastund, hugljúf jólalög, tóvinnna og gömul jólatré.

Safnasvæðið mun iða af lífi og einkennast af alltumlykjandi jólaanda!

- kl. 13-17 Jólásýning þar sem gömlu jólatrén skarta sínu feegursta og jólasveinabruðurnar fara á kreik. Björgvin Tómasson leikur á lírukassa yfir daginn.
- kl. 14 Ásthildur Magnúsdóttir sýnir gömlu handtök tóvinnunnar fram eftir degi.
- kl. 15 Unglingakór Selfoskirkju flytur jólalög undir stjórn Edit Molnár.
- kl. 16 Stjórnu Sævar og Hjalti Halldórsson fjalla um himinhvolfið, kúk og mikilvægi þess að vekja ekki Grýlu.

Ókeypis aðgangur, verið velkomin!

Uppbyggingarsjóður Suðurlands styrkir jóladagskrá Byggðasafns Árnesinga.

Opnunartímar: 1. maí - 30. sept. alla daga kl. 10-17  
eða eftir samkomulagi | sími: 483 1504 & 483 1082  
[info@byggdasafn.is](mailto:info@byggdasafn.is) | [www.byggdasafn.is](http://www.byggdasafn.is)

**BYGGÐASAFN  
ÁRNESINGA**



## FUNDIR



## Krabbameinsfélagið

## OPNUNARTÍMAR

Mán. kl. 11-14  
Opíð húsÞriðjud. kl. 14-16  
Unga fólkið 18 til 45 áraMiðvikudaga kl. 11-14  
Opíð húsFimmtudaga kl. 11-14  
UpprekjurFöstudaga kl. 11-14  
Opíð hús

Hægt er að panta viðtöl í annan tíma ef þessir tíma henta ekki.

Allir viðburðir auglýstir á Facebook-síðu Brosins.

Sími 482 1022 / 788 0300

## Al-Anon Selfossi

Al-Anon fundir á þriðjudögum í Hrísholti 8. Nýliðafundur kl. 20:00. Fundur kl. 20:30.

## Al-Anon

Al-Anon fundur - Einn dagur í einu. Laugardagsmorgnum kl. 10, Hrísholti 8, Selfossi.

## AA

Mán. kl. 21 - AA fundur  
Þrið. kl. 19 - AA konufundur  
Mið. kl. 19:30 - AA fundur  
Fim. kl. 20 - AA karlafundur  
Fös. kl. 20:30 - AA fundur  
Lau. kl. 21 - AA opinn fundur  
Sun. kl. 11 og 21 - AA fundur  
AA Hrísholti 8, Selfossi.  
Nánari upplýsingar á aa.is.

## Polskie mitingi

Polskie mitingi aa grupa krokus. Poniedziałek i czwartek i sobota godzina 19:00. Hrísholt 8 - 800 Selfoss.

## AA Sporgöngufólk f. alla

Bókasafn  
Hafnarberg 1 - 815 Þorlákshöfn  
Klukkan 11-12 sunnudag.

## AA opin fundur f. alla

Kirkjan kjallari  
Skálholtsbraut - 815 Þorlákshöfn  
Klukkan 20:00 fimmtudag.

## OA

Áttu erfitt með að hætta að borða? OA 12 spora fundur Overeaters anonymous alla þriðjudaga kl. 19 Hrísholti 8.

## CoDA

## Bataleið frá meðvirkni

Fundir alla laugardaga kl. 10:30.  
Hrísholti 8, Selfossi.  
Nánari upplýsingar á coda.is.

## CoDA-fundur / Meðvirkni

Bókasafn Ölfuss, Hafnarbergi 1, Þorlákshöfn  
Miðvikudaga kl. 19:30.

## Leiðin út á þjóðveg

Fundir í Rauðakrosshúsinu, Mánamörk 1, Hveragerði, neðri hæð, miðvikudaga kl. 19:30.

## ÞJÓNUSTA



## Daglegar ferðir

SELFOSS - REYKJAVÍK  
SUÐURLANDBókhald • Framtöl • Skattskil  
Launavinnslur • Ráðgjöf o.fl.Austurvegur 6 - 800 Selfoss  
Sími 482 3755 - kjarna@centrum.is

Ráð í rekstri!

## Hjá Maddy ehf.

Eyravegi 27 - 800 Selfoss  
s. 482 3454 - maddy@maddy.isBókhald - ráðgjöf  
skattskilÞjónusta við  
einstaklinga og  
fyrirtæki

Persónuleg þjónusta

## HEILSA

Dáleiðsla  
Heilsa

Dáleiðsla til að finna rót vandamála líkamlegra sem andlegra.

Dáleiðsla til skemmtunar m.a. til að sjá liðna atburði og jafvel fyrri lífi! - Hvar varst þú í fyrri lífi?

Einkatímar, en einnig er hægt að bóka fyrir hópa í heimahúsum.

Einnig augnlestur, heilsuráðgjöf, nudd og svæðanudd.

## Bókanir á

heilsulindheidars@simnet.is  
eða í síma 898 1501 (SMS)

Heiðar Ragnarsson

Energy Touch  
- Nudd  
- Heildræn með-  
höndlunJákvæðar  
hugsanir  
breyta deginumRagnhildur  
Sigurðardóttir  
Sími 693 2197  
ragnhildurgagga.is  
Cand.mag. í íþróttfræðum,  
nálastungur, yoga,  
NLP-master/coach,  
heilsunuddari,  
Hugræn atferlismeðferð,  
meta medicine.

## KIRKJA

## Skálholtsdómkirkja

Annar sunnudagur í aðventu. Guðsþjónusta kl. 11. Börn og unglingar flytja helgileik um fæðingu Jesú, með miklum sálmasöng. Sr. Kristín Þórunn, Bergþóra djákni og Jón dómorganisti þjóna. Kaffisamfélag eftir stundina í Gestastofu. Hjartanlega velkomin!

## Haukadalskirkja

Aðventuguðsþjónusta í Haukadalskirkju kl. 14. Sr. Kristín Þórunn og Jón organisti þjóna. Kirkjukaffi og safnaðarfundur á Hótel Geysi eftir stundina. Innilega velkomin!

## Selfosskirkja

Sunnudaginn 8. desember verður helgistund og jólaball kl. 11:00. Börn úr kórskólanum koma fram. Eigum góða stund saman í kirkjunni, dönsum í kringum jólatréð og fáum góða gesti í heimsókn.

## Eyrarbyggjakirkja

Aðventusamvera kl. 14:00. Kammerkór Eyrarbyggjakirkju syngur, organisti Pétur Núi Stefánsson. Fiðluleikur Guðrún Birna Kjartansdóttir. Skólakór Barnaskólaskólans á Eyrarbakka og Stokkseyri syngur. Prestur Guðbjörg Arnardóttir.

## Hraungerðiskirkja

Aðventukvöld sunnudaginn 8. desember kl. 20:00. Kirkjukórinn syngur, organisti Guðmundur Eiríksson. Ingunn Jónsdóttir flytur hugleiðingu. Prestur Guðbjörg Arnardóttir.



## Jólalegir stórtónleikar í Skálholti

Miðvikudaginn 11. desember nk. kl. 20:00 bjóða fjórir kórar úr uppsveitum Árnessýslu upp á jólalega stórtónleika í Skálholtsdómkirkju.

Kirkjukór Hrepphóla- og Hrunasókna, Kirkjukór Stóranúps og Ólafsvallasókna, Vörðukórinn og Skálholtskórinn flytja saman og í sitt hvoru lagi fjölda eldri og yngri söngperla sem tengjast aðventu og jólum. Gestir komast í reglulegt jólasöng.

Stjórnendur kóranna eru Jón Bjarnason, Eyrún Jónasdóttir og Þorbjörg Jóhannsdóttir.

Kórarnir njóta liðsinnis þeirra Jóhanns I. Stefánssonar og Matthíasar Birgis Nardeau sem spila á trompet og óbó.

Öll innkoma tónleikanna rennur til kaupa á nýjum flygli í Skálholtskirkju.

Ókeypis fyrir 12 ára og yngri. Miðasala á Tix.is.

## Jólaögin við orgelið

Mánudaginn 16. desember kl. 20.00 býður Jón Bjarnason organisti upp á „Jólaögin við orgelið“ í Skálholtsdómkirkju. Þá eru öll velkomin að koma og hlýða á uppáhalds jólaögin sín og syngja með. Skemmtileg hefð hefur skapast fyrir óskalögum við orgelið í Skálholtsdómkirkju en þetta er í fyrsta sinn sem Jón býður upp á Jólaögin við orgelið. Ókeypis er inn á tónleikana en tekið er á móti frjálsum framlögum í flygilsjóðinn.

## Yfir fannhvíta jörð

## Jólatónleikar Söngsveitar Hveragerðis

„Yfir fannhvíta jörð leggur frið“. Upphafslína þessa fallega jólalags er svo lýsandi fyrir þá jólamynd sem flest okkar bera í huga sér á þessum tíma árs. Þess vegna fannst okkur í Söngsveit Hveragerðis tilvalið að yfirskrift tónleikanna yrði: Yfir fannhvíta jörð. „Svo berst ómur, og samhljómur til eyrna af innðælum söng.“

Það er akkúrat það sem við lofum hverjum þeim sem kemur á tónleika Söngsveitar Hveragerðis sunnudagskvöldið 8. desember kl. 20 í Hvera-



gerðiskirkju. Hefðin er að bjóða gestum upp á heitt súkkulaði og smákökur að loknum tónleikum og verður engin breyting þar á.

Við taka það fram að það er enginn posi en hægt er að leggja inn á reikning kórsins.

Forsala miða fer fram 7. desember á kökubasar kórsins í verslunarmiðstöðinni Sunnumörk í Hveragerði frá kl. 11 og fram eftir degi.

Við vonumst til að sjá ykkur sem flest á tónleikum okkar og eiga með okkur notalega stund í aðdraganda jóla. „Og frá afskekktum bæ út við sæ, ómar kveðjan um gleðileg jól.“

Söngsveit Hveragerðis

## Aðventuhátíð í Flóahreppi

Menningarnefnd í samstarfi við sópran- söngkonuna Berglindi Björk Guðnadóttur bjóða gesti velkomna á aðventuhátíð Flóahrepps í Þingborg 5. desember 2024. Stútfull dagskrá verður með frábæru listafólki á öllum aldri.

Húsið opnar kl. 18:00 og hefst dagskrá kl. 18:30. Kakóbar, kruðurí og frábær skemmtun verður fyrir alla fjölskylduna.

Miðasala er hafin á floahreppur.is

Miðar í forsölu kosta 2500 krónur en 3500 ef keypt er við inngang.

Nánari dagskrá og upplýsingar má finna á floahreppur.is, menningifloa á Instagram og á Facebook síðu Flóahrepps.



Nefndin hlakkar til að taka á móti gestum og eiga hátíðlega kvöldstund saman.



# Fjölmenni á góðgerðardegi Grunnskólans í Hveragerði

Góðgerðardagur Grunnskólans í Hveragerði fór fram í morgun. Mikill fjöldi fólks mætti á markaðstorg til þess að kaupa vörur sem nemendur höfðu búið til í góðgerðarviku. Vörurnar voru mjög fjölbreyttar og úrvalið gott. Má þar nefna brjóstsykur, lampa, skurðbretti, armbönd, kerti og fleira. Markaðstorgið fór fram í íþróttahúsinu í Hveragerði en í grunnskólanum var kaffihús fyrir gesti og var mikill metnaður lagður í það.

Allur ágóði af sölnunni fer í góðgerðarmál. Eftir mjög afgerandi kosningu meðal nemenda var ákveðið að Grunnskólinn í Hveragerði myndi þetta árið styrkja minningarsjóð Bryndísar Klöru. Markmið sjóðsins er að styðja við verkefni sem miða að því að vernda börn gegn ofbeldi og efla samfélag þar sem samkennd og samvinna eru í forgrunni.

Áhersla sjóðsins verður á fræðslu, rannsóknir og vitundarvakningu til að koma í veg fyrir

að slíkar hörmungar endurtaki sig.

Margir nemendur og starfsfólk mættu í bleiku til minningar um Bryndísi Klöru, en bleikur var upphaldsliturinn hennar.

Styrkurinn verður afhentur þann 18. desember næstkomandi við skemmtilega athöfn í grunnskólanum. Sunginn verður gangasöngur þar sem allir nemendur og starfsfólk skólans koma saman og syngja jólalög og í kjölfarið af honum verður styrkurinn veittur. *EHJ*



## Bjarmi nýr þjálfari meistara-flokks karla Selfoss Körfu

Árni Þór Hilmarsson þurfti nýverið að segja upp störfum sem þjálfari meistara-flokks karla hjá Selfossi körfu vegna veikinda.

Bjarmi Skarphéðinsson mun taka við þjálfun meistara-flokks karla um óákveðinn tíma og Geir Helgason verða honum til halds og trausts sem aðstoðarþjálfari. Bjarmi hefur síðastliðin ár þjáfað 10.-12. flokk drengja, ásamt því að vera aðstoðarþjálfari meistara-

flokks í haust. Geir hefur stýrt styrktarþjálfun ásamt því að vera aðstoðarþjálfari í 12. flokk og meistaraflokk.

Bjarmi og Geir þekkja leikmannahópinn vel, sem og stefnu félagsins, þannig að starfið er áfram í góðum höndum. Á heimasíðu Selfoss körfu er Árna þakkað fyrir vel unnin störf og Bjarma og Geir óskað góðs gengis í komandi verkefnum.



## Jólaveisla í Húsinu

Það verður sannkölluð jóla-veisla sunnudaginn 8. desember á Byggðasafni Árneseinga. Jólalegir lírukassatónar fylla sali gamla Hússins, fróðleg og hnyttin barnabókastund þar sem Stjörnu-Sævar og Hjalti Halldórsson stefna saman Grýlu gömlu og vísindunum og unglínakór Selfoskirkju flytur hugljúf jólalög, Ásthildur Magnúsdóttir sýnir gömul handtök tóvinnunnar og hver veit nema gestir fái að spreyta sig.

Gömlu jólatrén skarta sínu fegursta á jólasýningu safnsins. Jólasveinabrúðurnar fara á kreik og það er skemmtilegur fjölskylduleikur að reyna að finna alla sveinana. Jólalugginn opnar hjá safninu í vikunni. Notalegur dagur í aðdraganda jóla í umhverfi þar sem hægt er að hrífast, fræðast, gleyma sér og eiga notalega stund á adventunni.

Safnasvæðið mun iða af lífi og einkennast af alltumlykjandi jólaanda!

Kl. 13-17: Jólasýning þar sem gömlu jólatrén skarta sínu fegursta og jólasveinabrúðurnar fara á kreik. Björgvin

Tómasson leikur á lírukassa yfir daginn.

Kl. 14:00: Ásthildur Magnúsdóttir sýnir gömul handtök tóvinnunnar fram eftir degi.

Kl. 15:00: Unglínakór Selfoskirkju flytur jólalög undir stjórn Edit Molnár.

Kl. 16:00: Stjörnu Sævar og Hjalti Halldórsson fjalla um himinhvolffið, kúk og mikilvægi þess að vekja ekki Grýlu.

Ókeypiss aðgangur og öll velkomin!

Uppbyggingarsjóður Suðurlands styrkir jóladagskrá safnsins.







## Ljósín tendruð á jólatrénu í Hveragerði

Það var falleg athöfn þegar tendrað var á jólatré Hveragerðisbæjar í Lystigarðinum á fyrsta sunnudegi í aðventu.

Barnakór Hveragerðiskirkju söng falleg jólalög undir stjórn Unnar Birnu Björnsdóttur og þau yljudu viðstöddum um hjartaræturnar í kuldanum úti. Pétur Georg Markan bæjarstjóri ávarpaði gesti þar sem hann fjallaði um aðventuna og fullveldisdaginn, 1. desember. Það var síðan Brynhildur Þula sem kveikti á jólatrénu en tréð er einmitt úr garði fjölskyldu hennar í Heiðarbrúninni.

Þegar búið var að kveikja á trénu þótti augljóst að jólasveinarnir yrðu spennir að sjá hvað væri að gerast svo kallað var á þá hástöfum í von um að þeir myndu mæta á svæðið. Það stóð ekki á þeim því eftir nokkur hróp og köll þá mættu fjórir forvitnir jólasveinar í miklu stuði og vöktu mikla lukku. Þeir sungu og skemmtu sér með krökkunum og gáfu þeim mand-

arínur áður en þeir hurfu aftur til Reykjafjalls enda er þeirra tími ekki alveg kominn því fyrsti jólasveinninn á ekki að koma til byggða fyrr en 12. desember.

Jólatré bæjarins í ár er ný metra hátt sitkagreni sem var plantað við Heiðarbrún fyrir 45 árum síðan og það var fjölskylda hússins sem gaf tréð. Það eru Börkur Blöndal Hrafnkelsson, Dagný Steinþórsdóttir og börnin þeirra Hrafnkell Örn, Brynhildur Þula og Steinþór Freyr. Hveragerðisbær færir þeim bestu þakkir fyrir þetta stórglæsilega jólatré.

Lystigarðurinn er orðinn einstaklega jólalegur og fallegur og má svo sannarlega þakka starfsfólki áhaldahúss og garðyrkjudeildar fyrir sín góðu störf við að skreyta Lystigarðinn og bæinn allan svona fallega fyrir jólin. Það var síðan Raftaug sem skreytti tréð og Steinvélar ehf. sem fluttu það á sinn stað frá Heiðarbrún í Lystigarðinn.



**360°SMÍÐI**

Við hjá 360°smíði getum bætt við okkur verkefnum inni og úti.

Tilboð eða tímavinna.

Skoðum öll verk.

Endilega hafið samband á [360smidi@360smidi.is](mailto:360smidi@360smidi.is) eða í síma 659 3522 erum á Selfossi.

**ALHLIÐA BYGGINGA-VERKTAKAR**

848 0964 899 0979  
GÍSLI ÖRN

[GBHOUSEHF@GMAIL.COM](mailto:GBHOUSEHF@GMAIL.COM)

**GB HÚS**  
SÍMI: 848-0964

**TAXI SELFOSSI**  
SÍMI 482 3800

**HJÓLA-STÓLABÍLL**  
SÍMI 777 5422

**FROST**

KÆLIKERFI - FRYSTIKERFI  
HÖNNUN - SALA - ÞJÓNUSTA  
HÁHEIÐI 9, SELFOSSI - SÍMI 464 9400 - WWW.FROST.IS

**PÚLSINN**  
Raf & kæliþjónusta

Kæli & Frystikerfi  
Viðgerðir · Þjónusta  
Nýsmíði · Rafmagn

Sími: 760-5670 · [pulsinn@pulsinn.com](mailto:pulsinn@pulsinn.com)

**LAGNIR**

ALHLIÐA PÍPULAGNINGA  
VERKTAKAR

Eyjólfur - Sími 888 8001  
Guðjón - Sími 888 8002  
[800lagnir@800lagnir.is](mailto:800lagnir@800lagnir.is)

**STÍFLULOSUN**  
SUÐURLANDS

Lagnamyndun  
Rótarhreinsun  
Stíflulosun  
Lagnafóðrun

Sími 510 1180  
Hellismýri 14 - 800 Selfossi

**Pípulagnir Júlla**

Persónuleg þjónusta  
Nýlagnir - Endurlagnir - Viðgerðir

Sími 772 1456 - [ornja@btnet.is](mailto:ornja@btnet.is) - [www.pipulagnirjulla.is](http://www.pipulagnirjulla.is)

**Lagnabjónustan ehf**

Pípulagnir - Efnissala  
482 2311 696 2311  
Skrifstofa Þjónustusími

**NÝTT**

Vinnuvélanámskeið  
á netinu!  
[www.vinnuvelaskolinn.is](http://www.vinnuvelaskolinn.is)

BRACAF VINÁTTU!

**BYKO** Selfossi

**ÖKULAND**

Endurmenntun  
atvinnubílstjóra  
Akstursþjálfun  
Meirapróf  
[okuland.is](http://okuland.is)

**VÉLSMÍÐJA SUÐURLANDS ehf**  
Selfossi Gagnheiði 5 Sími: 482 1980

Efnissala  
Rennismíði  
Innréttingar  
Járnsmíði

Gagnheiði 5, Selfossi  
Sími 482 1980

Bílasprautun - Bílaréttingar  
Bílrúðuskipti

**Bilverk BA**

Þar sem fagmennirnir vinna  
★★★★★ Vottað verkstæði  
Gagnheiði 3 - Selfossi  
Sími 482 2224 / 899 5424 - [bilverkba.is](http://bilverkba.is)